

Ritdómur

Hallgrímur Pétursson: Líf, kveðskapur og áhrif
eftir Torfa K. Stefánsson Hjaltalín,
Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2024, 570 bls.

Á síðasta ári kom út rit Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín um Hallgrím Pétursson, líf hans, verk og áhrif. Áður hefur Torfi ritað margt um íslenska kirkjusögu og má þar nefna „*guð er sá, sem talar skáldsins raust*“: *Trú og hugmyndafræði frá píetisma til rómantíkur* frá 2006, *Íslensk kirkjusaga* frá 2012 og „*elska Guð og biðja*“: *Guðræknibókmenntir á Íslandi á lærdómsöld* frá 2016. Verk Torfa um Hallgrím er mikið að vöxtum og setur höfundur þar fram ærinn fróðleik með liprum hætti og yfirleitt læsilegum þó að vissulega megi gagnrýna tiltekna hluta verksins, eins og nefnt verður. Svo að vikið sé að markmiði ritsins þá gerir höfundur grein fyrir því í formála en þar segir hann það vera hluta af „viðleitni“ hans við að „kynna trúararf þjóðkirkjunnar“ (bls. 7). Því er sérstaklega ætlað að beina sjónum að þeim bókmenntalega arfi sem Hallgrímur hefur skilið eftir sig og höfundur metur svo að Hallgrímur sé „líklega helsti fulltrúi þjóðkirkjunnar“ (bls. 7) á því sviði en um þá fullyrðingu eru skoðanir sennilega skiptar. Eins og heimildaskráning bókarinnar ber með sér, hefur höfundur farið víða í rannsóknnum sínum. Bókinni fylgir nafna- og myndaskrá. Þá er gerð grein fyrir uppbyggingu ritsins í efnisyfirliti, sem hefði að ósekju mátt vera ítarlegra.

Í inngangsorðum minnir höfundur á að nokkuð sé liðið frá því að heildstæð saga Hallgríms kom út. Það hafi síðast gerst þegar Magnús Jónsson (1887–1958), prófessor við guðfræðideild, sendi frá sér sögu skáldsins 1947. Við lestur bókarinnar kemur í ljós að Torfi er í gagnrýnu samtali við Magnús og skrif hans um Hallgrím. Það samtal er að mörgu leyti áhugavert, ekki síst vegna þess að Torfi gengur út frá því að söguritun Magnúsar hafi verið lituð af samfélagslegri stöðu hans í efri lögum íslensks samfélags; hann gegndi t.d. embættum atvinnu- og viðskiptaráðherra og var formaður fjárhagsráðs á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Á þeim forsendum og öðrum gagnrýnir hann framsetningu Magnúsar og bendir á að skrif hans hafi mótast af þjóðsögum um skáldið en þær hafi byggst að „meira og minna leyti upp á þörf þjóðarinnar, og manna, á því að gera sem mest úr persónulegum erfiðleikum skáldsins framan af ævi“ (bls. 9). Öðrum þæði er markmið bókarinnar þannig einnig að endurmeta þá mynd sem dregin hefur verið upp af skáldinu með því að „byggja á áreiðanlegum heimildum en ekki sögusögnum“ (bls. 10). Eftir lestur bókarinnar má þó spyrja hvort þessi ætlun höfundar hafi að fullu gengið upp. T.d. má benda á að höfundur nýtir sér sjálfur slíkar „þjóðsögur“ þegar á upphafssíðum bókar-

innar til að sýna hversu bráðgert barn skáldið var (bls. 29) en tvær þessara sagna tengjast Guðbrandi biskupi.

Ritið skiptist í tvo meginhluta, auk formála, inngangsorða og lokaorða. Fyrri hlutinn nefnist „Ævi Hallgríms Péturssonar“ og hinn síðari „Kveðskapur og ritstörf“. Um ævi skáldsins er fjallað í fimm köflum og umfjöllunin hefst á Hólastað þar sem séra Hallgrímur ólst upp fram á unglingsár. Öll sú sviðsetning er afar nákvæm og jaðrar við að vera þunglamaleg. Lýsing á Hóladómkirkju og innviðum hennar er full af hvers kyns smáatriðum sem lesandi áttar sig ekki á að komi sögu skáldsins nokkuð við. Slíkir útúrdúrar eru allvíða og vekja fyrst og fremst athygli á því hversu sögulegar heimildir um ævi Hallgríms Péturssonar eru af skornum skammti og því hægt að segja frá lífi hans í tiltölulega fáum orðum, eigi einungis að byggja á þeim.

Eiginkona Hallgríms, Guðríður Símonardóttir, fær strax umfjöllun hjá höfundi í öðrum kafla bókarinnar en eins og kunnugt er hefur hún verið áberandi í söguritun um ævi Hallgríms. Í umfjöllun sinni kallar Torfi fram nokkra menn — t.d. Sigurð Nordal, Jónas frá Hriflu, Sigurbjörn Einarsson — sem halda uppi vörnum fyrir Guðríði vegna óvæginnna sagna um hana þar sem m.a. kemur fram að hún hafi verið erfið í sambúð. Í ljósi áherslu höfundar á áreiðanleika heimilda er óneitanlega sérstakt að rekja hvað mikilsmetandi menn í samfélaginu á sviði trúar og menningar á ákveðnum tímabilum hafa að segja um skaphöfn Guðríðar (bls. 49–52) og telst tæpast hafa heimildargildi í sögu Hallgríms því að ýmsar „skoðanir“ má vitaskuld hafa á Guðríði út frá því sem „þjóðsögur“ segja um hana. Í þessum orðum hefði höfundur einnig mátt nefna að Magnús Jónsson heldur uppi miklum vörnum fyrir Guðríði í fyrsta bindi bókar sinnar um Hallgrím frá 1947.

Umfjöllunin um Guðríði endurspeglar hina gagnrýnu afstöðu gagnvart Magnúsi Jónssyni en þar bendir Torfi á hvernig Magnús teflir Hallgrími fram sem „durgi“ og Guðríði sem glæstri konu sem hafi búið með hálfgerðum veifiskata (bls. 55). Allt eru þetta sleggjudómar hjá Magnúsi að mati höfundar sem segir lýsingar hans á þeim hjónum vera „ógrundaðar staðhæfingar sem ekki eru samboðnar fræðimanni sem vill vera tekinn alvarlega“ (bls. 55). Hvarflar að höfundi hvort Magnúsi hafi verið í nöp við skáldið — og fellir þann dóm að „ást höfundar á gæði [sic] þess heims“ hafi stýrt mati hans á skáldinu (bls. 55). Hér einkennist framsetning höfundar af dómhörku yfir Magnúsi sem jaðrar við það að vera ótæk, einkum þegar horft er til þess að hann fullyrðir í neðanmálgrein á sömu síðu, án nokkurs rökstuðnings, að Magnúsi hafi „verið nær óskiljanlegt að kirkjunnar fólk gagnrýni veraldlegt yfirvald og veraldleg gæði“. Torfi heldur áfram á sömu nótum þegar hann dregur fram — að því er virðist að ástæðulausu — háðsglósur úr *Þjóðviljanum* þar sem Magnúsi er lýst sem „hinum slynga fjármálamanni“ (bls. 63). Höfundur getur þess ekki að *Þjóðviljinn* var málagn kommúnista og vandaði sem slíkt íhaldsmönnum eins og Magnúsi ekki kveðjurnar.

Höfundur ræðir um efnahag þeirra Hallgríms og Guðríðar þegar þau bjuggu á Suðurnesjunum í köflum þrjú og fjögur. Telur hann líklegt að fátækt þeirra á þessum árum sé stórlega ýkt. Hann telur og að frásagnir af fátækt þeirra hafi átt að stemma við söguskýringar um eynd sautjándu aldar og einnig þá hug-

mynd um skáldið sem rís úr örbiðgð til andlegra afreka (bls. 59). Í þessum kafla (þeim þriðja í fyrri hluta), og reyndar víðar, kemur fram sú tilhneiging hjá höfundu til að afmá þá helgimynd sem þjóðin hefur gert sér af Hallgrími Pétursyni. Þannig má segja að hann leitist við að *afgöða* Hallgrím (en á bókarkápu er Hallgrímur reyndar upphafinn, goðumlíkur í steindum glugga Bessastaðakirkju). Það kann og að vera skýring á því hve honum er í nöp við þjóðsögur um hann (sem margar hefja hann upp), sem og þá sem hafa stutt við þessa ímynd á skáldinu.

Kaflar sex og sjö í fyrri hluta verksins fjalla um byggingu tveggja kirkna sem kenndar eru við Hallgrím Pétursson, annars vegar um kirkjuna í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og hins vegar kirkjuna á Skólavörðuholti. Út frá titli bókarinnar má líta svo á að höfundur telji báðar þessar kirkjubyggingar vera til marks um áhrif Hallgríms Péturssonar á íslenskt þjóðlíf og skal hér tekið undir að vissulega endurspeglar það virðingu fyrir skáldinu að reisa kirkjur kenndar við það — sér í lagi þegar minnst var afmælis hans eða ártíðar. Í þessum tveimur köflum er safnað saman miklum upplýsingum sem ekki hafa verið settar fram á einum og sama stað áður en greining þeirra hefði þó mátt vera ítarlegri.

Í sjötta kafla fyrri hluta bókarinnar rekur höfundur byggingarsögu kirkjunnar í Saurbæ sem loks reis á sjötta áratug síðustu aldar og hann gerir það í raun furðu nákvæmlega. Sjöundi kafli fyrri hluta bókarinnar fjallar um Hallgrímskirkju í Reykjavík en að stórum hluta fer hann í að rekja sjónarmið nafnkunnra einstaklinga, sem og annarra, um teikningu Guðjóns Samúelssonar af kirkjunni, stærð hennar og kostnað við að reisa hana. Menn skiptust í tvö horn í afstöðu sinni til kirkjunnar, með og á móti. Í þessari umræðu voru oft höfð uppi stór orð og fólki var augljóslega mikið niðri fyrir. Forystumenn í kirkjunni héldu vörnum fyrir kirkjubygginguna, sem og ýmsir framámenn í íslensku samfélagi — fáir klerkar snerust gegn henni, en ýmsir kunnir einstaklingar á vinstri væng stjórnmalanna töluðu gegn henni. Höfundur nefnir sérstaklega orð Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts, sem hann lét falla í ræðu í tengslum við þessi mál. Telur höfundur að þessi orð arkitektsins verði að „teljast mjög mikilvægt innlegg í hugmyndafræðilega greiningu á kirkjubyggingarhugmyndinni og á því að bera nafn séra Hallgríms í sambandi við hana“ (bls. 204). Arkitektinn telur að sú kirkja sem rísi til minningar um séra Hallgrím sýni aðeins að samfélagið vilji reisa góðum mönnum minnisvarða en taki sér ekki „til eftirbreytni hegðun þeirra eða skoðanir“ (bls. 204). Byggingin sé í raun og veru „þrjál og tilgerð, með sýndarmennsku“ (bls. 204). Höfundur ræðir ekkert að hvaða marki innlegg þetta sé mikilvægt. Eftir stendur tilvitnun í arkitektinn sem gefur til kynna að allt tilstandið sé hræsni og „virðingarleysi við Krist“ eins og Háteigskirkja (bls. 204). Hér hefði höfundur mátt kafa ofan í þessi orð, greina og leggja út af í samhengi hinna andstæðu skoðana um kirkjubygginguna, t.d. í einhvers konar samantekt, sem ekki er þarna að finna og er það hængur á þessum kafla.

Seinni hluti bókarinnar fjallar um kveðskap og ritstörf séra Hallgríms en Torfi tileinkar hvern kafla afmörkuðum þætti í höfundarverki skáldsins. Hann fjallar í sérstökum kafla um *Hallgrímskver* og ræðir uppbyggingu þess nákvæmlega. Þá helgar hann einn kafla fræðsluljóðum skáldsins sem höfundur segir

réttilega að hafi skipt höfuðmáli í boðun lúthersku kirkjunnar hér á landi þótt draga megi í efa fullyrðingar um að slíkur kveðskapur og annar hafi komið í stað myndlistarinnar. Myndlistin hvarf ekki úr kirkjunum á þessu tímabili heldur var við hlið kveðskaparins.

Í köflum sjö og átta í síðari hluta fjallar höfundur um *buggunarsálma* og *andláts-sálma* Hallgríms Péturssonar sem voru afar fyrirferðarmiklir í trúarbókmenntum sautjándu aldar. Viðamesti kafli síðari hlutans og í raun bókarinnar allrar er hinn níundi, telur 114 blaðsíður, og fjallar að vonum um *Passíusálma* séra Hallgríms. Þar fer höfundur rækilega yfir guðfræði sálmanna, sem og hið guðfræðilega samhengi þeirra á sautjándu öld, ræðir viðhorf frjálslyndu guðfræðinnar annars vegar og rétttrúnaðarins hins vegar, skoðar bakgrunn sálmanna, gerir þýðingar Passíusálmanna að drjúgu umtalsefni, rekur útgáfusöguna, dregur fram ýmis ummæli um sálmana, gerir úttekt á þeim og í þeirri úttekt er „umfjöllun Magnúsar Jónssonar látin ráða för en athugasemdum og nánari úttekt bætt við“ (bls. 424). Í úttektinni er rætt í mislöngu máli um hvern einstakan sálm Passíusálmanna fimmtíu en hér er umfjöllun höfundar á köflum afar nákvæm, sem sumum lesendum gæti þótt lýjandi.

Í ljósi þess sem áður hefur verið sagt um gagnrýna sýn höfundar á söguritun Magnúsar Jónssonar er ástæða til að víkja sérstaklega að sjötta kafla í síðari hlutanum þar sem höfundur fjallar um ádeilukvæði Hallgríms. Í þeim kveðskap gagnrýndi Hallgrímur tíðarandann og einkum yfirstéttina (bls. 324) en Torfi telur að lesa megi úr skrifum Magnúsar að honum hafi ekki þótt mikið til slíkrar gagnrýni koma — stöðu sinnar vegna — sem hafi litað greiningu hans á kveðskapnum. Hann sér þannig ástæðu til að draga fram að „Magnús tilheyrði óneitanlega yfirstétt landsins sem ráðherra, þingmaður og prófessor“ (bls. 330) og nefnir að Magnúsi hafi ekki „síst“ þótt sérkennilegt að gagnrýni skáldsins beindist í slíkar áttir. Torfi bætir við frá eigin brjósti að guðfræðiprófessorinn hafi ekki gert sér grein fyrir því að kirkjan hafi einnig „spámannlega rödd“ (bls. 324). Telur höfundur að Magnús hafi skýrt ádeilukveðskap skáldsins með þeim hætti að hann hafi sprottið upp úr erfiðum aðstæðum Hallgríms en „skapferli skáldsins hafi unnið gegn biturleikanum“ og ádeilur hans verða fyrir vikið „meira speki en skammir“ (bls. 325, tilv. í M.J.) og að þannig dragi Magnús úr ádeilubættinum; hann slái þó úr og í „að venju með varnagla sína“ (bls. 325). Að mati Torfa gengur greining Magnúsar þvert á almennt mat þeirra sem um verkið hafa fjallað. Hann segir að „flestir“ telji að *Aldarháttur* Hallgríms sé meistaralega ortur og: „Magnús Jónsson *tekur svo sem undir það*, en finnst hann þó samt sem áður vera fyrst og fremst *nöldur*, yfir eynd nútímans...“ (bls. 330, leturbreytingar HH). Enn fellir Torfi afgerandi dóm yfir söguritun Magnúsar án þess að röksemdir séu alltaf greinilegar. Eins er skotið á Finn Jónsson prófessor sem þótti *Oflátungs-kvæði* Hallgríms nær „ólesandi“ (bls. 327) með þeim hætti að: „Kannski hefur innihaldið hitt prófessorinn illa fyrir“ (bls. 327) — þetta eru einhvers konar dylgjur sem ekki sæma fræðimanni. Ekki segir höfundur álit sitt á þessum kveðskap Hallgríms en kallar í þriggung til Halldórs Laxness til vitnis um snilld Hallgríms.

Í riti sínu hefur Torfi K. Stefánsson Hjaltalín safnað saman miklum fróðleik og unnið gríðarlega rannsóknarvinnu í þeirri viðleitni sinni. Í þessari bók er

Þannig að finna upplýsingar um Hallgrím sem ekki hefur verið að finna á einum og sama stað fram að þessu. Nefna má að kafla um tónlistina við Passíusálmana er einkar skemmtilegur aflestrar og lagboðasafn sálmannanna er hér komið á einn stað. Höfundur hefur lagt sig mjög eftir kirkjusögu og ber verkið það með sér en þó er ljóst að það er ekki einungis sagnfræðilegs eðlis og ekki er alltaf ljóst hvar skilur á milli sögulegrar greiningar og persónulegra skoðana höfundarins. Þannig brýst persónuleg afstaða höfundarins fram í textanum hér og hvar — oftast en ekki af pólitískum toga — með hætti sem ekki hefur augljós tengsl við viðfangsefnið. Um það skulu nefnd tvö dæmi: Þegar höfundur getur um sálminn *Syng þú lof Drottni, sála mín* (Bæn iðrandi og trúaðs manns) (bls. 356) getur hann þess í neðanmálsgrein að Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri hefði lýst mikilli aðdáun sinni á fjórða versni þessa sálms en hélt hins vegar að það væri úr Passíusálmunum og segir svo um ráðningu hans í starf þjóðleikhússtjóra á sínum tíma, sem er augljóslega efninu algjörlega óviðkomandi: „Ráðning hans var dæmigerð flokkspólitík. Hann hafði aldrei áður komið að leikhúsmálum en mun hafa lært hagfræði um tíma“! (bls. 356).

Þá skal einnig nefnd sú spurning sem hefur hlotið aukna athygli á síðustu árum — bæði fræðilega og almenna — þess efnis hvort finna megi gyðingahatur í Passíusálmunum. Um það eru skiptar skoðanir og túlkanir, eins og Torfi víkur að í umfjöllun sinni. Í þeirri umræðu tekur höfundur svo skyndilega á rás í pólitík líðandi stundar um „framferði Ísraels gagnvart Palestínunöfnum [...] ekki síst nú um stundir í yfirstandandi þjóðarmorði á Gaza“ og að stuðningsmenn Ísraels, „vinir stjórnvalda í Ísrael“, segi að viðurkenning Íslands á Palestínu á sínum tíma „sé dæmi um landlægt gyðingahatur íslensku þjóðarinnar“ (bls. 484). Hvaða skoðun sem menn kunna nú að hafa á þessum málum þá er þetta nokkuð sérstakt innlegg í bók um séra Hallgrím.

Þessi dæmi, sem og áður nefndar athugasemdir sem lúta að lengd og nákvæmni einstakra kafla og undirkafla, vekja upp spurningar um faglega ritstjórn bókar sem er jafn viðamikil og þessi. Með aðkomu ritstjóra — en slíkir starfa hjá mörgum forlögum og vinna náðið með höfundum — hefði mátt koma í veg fyrir áður nefnda bresti sem draga athyglina frá kostum bókarinnar, sem vissulega eru einnig margir.

Bókin *Hallgrímur Pétursson: Líf, keðskapur og ábrif* er yfirgripsmikið verk þar sem reynt er að ná utan um líf séra Hallgríms Péturssonar og allt sem því tengist. Höfundur skrifar einfaldan texta sem rennur vel. Í bókinni er safnað saman á einn stað margvíslegum og forvitnilegum upplýsingum sem verið hafa dreifðar hér og þar. Þökk sé höfundi fyrir að hafa dregið saman allan þennan fróðleik og sett fram með liprum hætti og læsilegum — sem ekki er öllum gefið.